



*Mosfellsbær
framsækið
samfélag sem
ræktar vilja og
virðingu*

Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.

Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.

Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi.

Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.



MOSFELLSBÆR

Starfsáætlun fyrir starfsárið 2012

Dags. 13. október 2012

LÁGAFELLSSKÓLI

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN MOSFELLSBÆJAR	3
MEGINSTEFNUÁHERSLUR MOSFELLSBÆJAR	3
SÝN LÁGAFELLSSKÓLA	4
STEFNA LÁGAFELLSSKÓLA	4
HLUTVERK LÁGAFELLSSKÓLA	5
MARKMIÐ LÁGAFELLSSKÓLA	6
MEGINVERKEFNI 2011.	6
MEGINSTEFNUÁHERSLUR - VERKEFNI ÁRSINS 2012 – MARKMIÐ	8
REKSTUR OG LYKILTÖLUR	19

HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN MOSFELLSBÆJAR

STEFNA MOSFELLSBÆJAR FRÁ 2008

Mosfellsbær vann að stefnumótun fyrir bæjarfélagið og stofnanir þess á árinu 2008. Bæjarstjórn samþykkti þessa stefnu á 488. fundi sínum 9. apríl, 2008. Í framhaldi af þessari stefnumótun er gert ráð fyrir að hrinda í framkvæmd einstökum þáttum í áherslum stefnu Mosfellsbæjar og gert ráð fyrir að stofnanir bæjarins geri sér starfsáætlun fyrir árið 2012 sem byggir á þeim grunni sem lagður var á árinu 2008.

Hér fylgir stefna Mosfellsbæjar eins og hún er sett fram í hlutverki, framtíðarsýn, meginstefnuáherslum og gildum.

HLUTVERK

Mosfellsbær – framsækið samfélag sem ræktar vilja og virðingu

FRAMTÍÐARSÝN

Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

MEGINSTEFNUÁHERSLUR MOSFELLSBÆJAR

Meginstefnuáherslur bæjarfélagsins voru skilgreind út frá fjórum víddum:

- Fjármálum og áætlunum.
- Viðskiptavinum.
- Mannauði.
- Innri virkni og stjórnkerfi.

GILDI

- Virðing.
- Jákvæðni.
- Framsækni.
- Umhyggja.




Lágafellsskóli

SÝN LÁGAFELLSSKÓLA

- Lágafellsskóli veitir nemendum og foreldrum framúrskarandi þjónustu.
- Í Lágafellsskóla er lögð áhersla á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að styrkja sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taka sífellt meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.
- Í Lágafellsskóla mótast skólafélag af nútímalegum vinnubrögðum og er gefandi og skapandi. Stundaðir eru fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.
- Í Lágafellsskóla er nemendum veitt þekking til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Áhersla er lögð á að þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótast af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.
- Í Lágafellsskóla er viðhaft gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun heimilis og skóla sem styrkir báða aðila við að búa nemendum betri námsskilyrði.

STEFNA LÁGAFELLSSKÓLA



Samvera - Samvinna - Samkennd

Samvera, samvinna og samkennd eru þau hugtök sem starfsmenn Lágafellsskóla leggja til grundvallar starfi sínu. Við trúum því að þegar við skynjum mikilvægi **samverunnar**, þá aukum við þroska okkar sem félagsverur. Með góðri **samvinnu** þar sem áhugi og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín næst betri árangur og félagahópurinn nær oft að leysa verkefni sem eru einstaklingnum ofviða. Við sýnum hvert öðru **samkennd** með því að virða sjónarmið, skoðanir og líðan hvers annars og eflum okkur þannig í mannlegum samskiptum. Þessir þrjú þættir leiða síðan til aukins sjálfskrausts.

Samvera:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft og allir eru jafnir
- gengið er vel um skólann og umhverfið
- öllum líður vel og allir finna til öryggis
- stefnt er að stöðugum þroska og framförum í starfi og leik á forsendum hvers og eins
- ríkir gagnkvæm virðing og umhyggja og einnig sýnum við hvert öðru gott viðmót
- aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans er jöfn, óháð kynferði, kynhneigð, útliti, trúarskoðun eða uppruna

Samvinna:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- traust og hjálpssemi ríkir og leiðbeint er á uppbyggilegan hátt
- raddir allra fá að heyrast og eru metnar
- borin er virðing fyrir einstaklingnum og skoðunum hans
- miðlað er af þekkingu og reynslu og upplýsingaflæði er gott
- unnið er saman sem ein heild, allir leggja sitt af mörkum og hæfileikar hvers og eins fá notið sín
- einhugur ríkir um markmið og gildi og allir eru samstíga í að vinna að þeim

Samkennd:

Lágafellsskóli er skóli þar sem:

- margbreytileikinn er virtur og metinn
- við sýnum samstöðu, kærleik og styrkjum hvert annað í meðbyr og mótbyr
- við sýnum tilfinningum og aðstæðum annarra skilning og umburðarlyndi
- allir upplifa sig sem hluta af heild þar sem hver og einn hefur réttindi jafnt sem skyldur
- við látum okkur aðra varða

HLUTVERK LÁGAFELLSSKÓLA:

- að mennta og skipuleggja nám í samræmi við þarfir nemenda til þess að hver nemandi nái hámarksárangri
- að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem styrkleikar einstaklinganna fá að njóta sín
- að samstarf, samábyrgð og jákvæður agi ríki í skólanum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins
- að bjóða starfsfólki upp á endurmenntun
- að fjölmeningi fái notið sín
- að þróa áfram þau verkefni sem eru í vinnslu í skólanum og bæta við nýjum
- að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og gæðakennslu

MARKMIÐ LÁGAFELLSSKÓLA

Fjármál:

- að tryggja hagkvæman rekstur með framsækni að leiðarljósi.
- að standast fjárhagsáætlun.

Viðskiptavinir/skólasamfélagið:

- að hver nemandi beri ábyrgð á eigin námi og hegðun.
- að öll samskipti byggist á gagnkvæmri virðingu og jákvæðum aga.
- að nemendur njóti fyllsta öryggis við störf sín í skólanum.
- að skólabragurinn einkennist af vinsemd, hjálpssemi og góðri líðan.
- að gott samstarf ríki milli heimils og skóla þar sem velferð barnsins er í fyrirrúmi.
- að vinna með framfarastuðul nemenda í skólanum.

Mannauður:

- að starfsumhverfi starfsfólks og nemenda einkennist af metnaðarfullu starfi þar sem allir hafa ánægju af því að læra.
- að hafa í heiðri að VIÐ erum mikilvægari en ég.
- að við skólann starfi vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk.

Innri ferli:

- að markmið og stefna skólans sé öllum aðgengileg og stjórnun skilvirk.
- að auka fjölbreytni í kennsluháttum og þróunarstarfi.

MEGINVERKEFNI 2012.

Skólastarf samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þróunarverkefni - nýbreytni og áherslur skólans má sjá í skólanámskrá Lágafellsskóla, almennum hluta.

Uppbyggingarstefnan - sérstök áhersla á frekari innleiðingu og skólastarf í anda uppbyggingarstefnu og virka þátttöku allra.

Sjálfsmat - Sjálfsmatsáætlun var unnin 2011 og verður áfram unnið skv. henni. Sjálfsmatsáætlun má sjá á heimasíðu skólans

http://www.lagafellsskoli.is/files/sjalfsmat_2009_2015_1782912497.pdf

Matsteymi vinnur áfram að innra mati á starfsemi skólans ásamt því að leggja línurnar að umbótaáætlun á þeim þáttum sem þarf að bæta.

Nemendur – starfsmenn – deildir

- Nemendafjöldi: 678 í 1. – 10. bekk
- Leikskóladeild 5 ára barna: 45 börn
- Frístundasel fyrir nemendur í 1.- 4. bekk: 140 börn
- Bekkjardeildir 32 auk námsvera á hverju stigi
- Starfsmannafjöldi: 111 í misstórum stöðugildum

Við leggjum áherslu á vellíðan og starfsánægju starfsmanna og nemenda skólans.

Gildi Mosfellsbæjar falla vel inn í stefnu og markmið skólans

Á heimasíðu skólans www.lagafellsskoli.is er að finna:

[Skólanámskrá](#)

[Kennsluáætlanir](#)

[Skóladagatal](#)

[Upplýsingar um stoðþjónustu](#): (starfsmenn og nefndir/stoðkerfi skólans)

[Sjálfsmat](#): (Upplýsingar/sjálfsmatsáætlun Lágafellsskóla)

[Niðurstöður kannana](#): (Upplýsingar/kannanir) ásamt ýmsu fleiru.

Mosfellsbæ, 13. október 2012

Jóhanna Magnúsdóttir,
skólastjóri Lágafellsskóla

MEGINSTEFNUÁHERSLUR - VERKEFNI ÁRSINS 2012 – MARKMIÐ

Matslistar : T = tékklisti, N = nemendakönnun, F = foreldrakönnun, S = starfsmannakönnun,

<u>Fjármál og áætlanir</u> <i>Markmið</i>	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2012</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/ ábyrgðaraðili</u>
Traustur rekstur sem hefur skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi.	Að Lágafellsskóli sé rekinn á traustum grunni sem hafi skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi.	Leitað eftir hagkvæmum tilboðum í samvinnu við aðrar stofnanir bæjarins og innkaupum hagað samkvæmt því. (T) Að standast fjárhagsáætlun ársins. (T)	Rekstrarlyklar á milli ára bornir saman.	Að standast fjárhagsáætlun.	Ársuppgjör JM
Stofnanir hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði sem byggir á ábyrgri og raunhæfri áætlanagerð.	Að Lágafellsskóli nýti fjármagn sitt á faglegan, raunhæfan og ábyrgan hátt skv. áætlunargerð stjórnenda.	Lágafellsskóli gerir fjárhagsáætlun fyrir 2012. (T)	Beri áætlun sína saman við uppgjör á þriggja mánaða fresti.	Að standast milliuppgjör.	Ársfjórðungsuppgjör JM
Starfsáætlanir eru mikilvægur hlekkur í stjórnun bæjarins.	Að starfsáætlun nýtist við gerð fjárhagsáætlunar.	Fjárhagsáætlun fyrir 2012 lokið skv. viðmiðum bæjarins. (T) Starfsáætlun er gerð fyrir árið 2012 og henni lokið fyrir miðjan október. (T) Aðgerðaáætlanir fyrir 2012 gerðar í þróunarverkefnum. (T) Endurmenntunaráætlun unnin fyrir 2012. (T) Áhersla lögð á		Námskeið haldin. Tækjabúnaður sem styður endurmenntunaráætlun er til staðar.	Óktóber JM/ÁSJ

		einstaklingsmiðaða/fjölbreytta kennsluhætti, námskeið í útikennslu, Leið til læsis, Uppbyggingastefnuna.			
Virkt eftirlit er með áætlunum og framkvæmd verkefna bæjarins.	Að stjórnendur skólans fylgist vel með framkvæmdum og áætlunum sem gerðar eru.	Farið yfir stöðu fjárhagsáætlunar í hverjum mánuði. (T) Farið yfir stöðu fjárhagsáætlunar með fjármálastjóra og forstöðumanni Fræðslu- og menningarsviðs bæjarins á þriggja mánaða fresti. (T) Skólaráð fari yfir allar áætlanir fyrir 2012. (T) Unnið eftir sjálfsmatsáætlun skólans fyrir árið 2012. (T)			
Ráðstöfun verðmæta er ávallt með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.	Að íþrótt- og skólamannvirki á Lágafellssvæðinu nýtist skólasamfélaginu á sem bestan hátt.	Unnið að skipulagi og nýtingu eigna skólans. (T) Unnið með íþrótt- og tómsundaráði um skipulag og nýtingu íþróttamannvirkja. (T)			
Leitað er skapandi leiða í rekstri þar sem hagkvæmni og samfélagsleg og umhverfisleg ábyrgð er í heiðri höfð.	Að starfsmenn Lágafellsskóla leiti leiða til hagræðingar í rekstri 2012.	Kennarar og aðrir starfsmenn komi að vinnu við að leita hagræðingar í rekstri fyrir 2012. (T) Kallað eftir hugmyndum foreldrafélags og skólaráðs inn í starfið og áætlanir fyrir 2012. (T)	Umræðuhópar starfsmanna. Rekstrarlyklar bornir saman milli ára.	Standast áætlun.	Ársuppgjör JM

<u>Viðskiptavinir/ Skóla- samfélagið</u> <i>Markmið</i>	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2012</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/ ábyrgðaraðili</u>
Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrími.	Virkt foreldrafélag sem vinnur með stjórnendum skólans og fundar reglulega á árinu.	Virkt foreldrafélag sem fundar reglulega a.m.k. 6-7 sinnum með skólustjóra. (T)		6-7 fundir með skólustjóra	Skólustjóri og formaður foreldrafélags
	Komið er á mótis við þarfir fjölskyldna með því að foreldrar geti fengið vistun fyrir börnin sín í frístundasel. Að skólinn vinni með skólahljómsveit, Listaskóla og ÍTOM að heildstæðum skóladegi.	Allir nemendur sem sækja um fá vistun í Frístundasel. (T)	Foreldrakönnun árlega.	Enginn biðlisti	Forstöðumaður frístundasels og deildarstjóri yngsta stigs
	Að foreldrar og nemendur séu ánægðir með skólann.	Að nemendur í Lágafellsskóla geti stundað hluta af tónlistanámi sínu á skólatíma og að nemendur geti sótt tómstunda- og æskulýðsstarf í framhaldi af skóladegi sínum. (T) Að stuðla að bættri líðan nemenda og metnaðarfullu skólastarfi.	Nemendakönnun Foreldrakönnun	90% nemenda líði mjög vel eða vel. 80% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann 90% foreldra telji að börnum sínum líði mjög vel eða vel. 80% foreldra séu	

				mjög ánægðir eða ánægðir með skólann.	GH
Framsækið skólastarf í mennta- og menningarbæ.	Að öflugt foreldrasamstarf sé í skólanum allt árið.	Að þátttaka foreldra í skólastarfinu sé viðtæk og markviss. (T og F) Foreldravika í febrúar/mars.	Foreldrakönnun	Ánægja foreldra með samstarf heimilis og skóla mælist 80%. 60% foreldra sem svara foreldrakönnun hafi komi í heimsókn í foreldravíkunni	Apríl GH
	Árshátíð verði haldin þar sem 1. – 7. bekkur sýna skemmtiatriði sem allir nemendur taka þátt í.	Kennarahópurinn skipuleggi árshátíðir á hverju stigi þar sem nemendur fá að koma fram og sýna afrakstur vinnu vetrarins.		Árshátíðir	
Frh. Framsækið skólastarf í mennta- og menningarbæ.	Lágafellsskóli vinnur að því að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og hegðun. Nýjungar og þróunarvinna eflid við skólann.	Með áframhaldandi innleiðslu á uppbyggingarstefnunni leggjum við áherslu á að nemendur taki ábyrgð á gerðum sínum og að þeim líði vel í skólanum. (N og F) Kennarar og aðrir starfsmenn vinna samkvæmt áætlun skólans um innleiðingu Uppbyggingarstefnu. Unnið með hlutverk, grundvallarþarfir, lífsgildi, bekkjar-gildi, starfsmannasáttmála o.fl. (T) Unnið að frekara þróunarstarfi og nýjungum. Starfsmenn fræddir um verkefni sem í gangi eru. (T) Unnið að endurskoðun skólanámskrár í teyllum, samfella náms og skoðun kennsluhátta	Nemendakönnun Foreldrakönnun Starfsmannakönnun	Allir árgangar vinni samkvæmt áætlun um Uppbyggingarstefnu 90% nemenda líði mjög vel eða vel í skólanum. 90% foreldra telji að börnum sínum líði mjög vel eða vel í skólanum. Kynning á verkefnum	Apríl GH Uppbyggingarteymi Allir starfsmenn Fagstjórar og umsjónarmenn verkefna

Frh. Framsækið skólastarf í mennta- og menningarbæ.	Starfsmenn nota uppbyggingarstefnuna og geri stefnuna sýnilega í skólanum.	Kennarar og starfsfólk koma stefnunni í framkvæmd og gera stefnuna sýnilegri í skólanum og haldi áfram að kynna hana fyrir foreldrum. (F)	Foreldrakönnun Nemendakönnun Starfsmannakönnun	80 % nemenda, foreldra og starfsmanna þekki efni Uppbyggingarstefnunnar og þyki stefnan sýnileg í skólastarfinu	Apríl GH
	Útikennsla verði hluti af skólastarfinu.	Útikennsla verði reynd í nokkrum árgöngum og kennarar sækja sér fræðslu um útikennslu. (T)			Útikennsluteymi / deildarstjórar
	Lágafellsskóli verði áfram heimaskóli fyrir Háskóla Íslands, Menntavísindasvið	Skólinn taki árlega á móti kennaranemum. (T)			Skólastjórn
	Fjölbreyttir kennsluhættir og leiðsagnarmat verði við skólann.	Nemendur fái fjölbreytta kennslu og reynt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins. (T) Þróun námsvera eitt fyrir hvert stig til að mæta einstaklingsþörfum nemenda. (T) Þróunarverkefni í námsveri elsta stigs um fjölbreytta kennsluhætti Auka vægi leiðsagnarmats í skólanum. Námsmarkmið sett í Mentor og verði komin til framkvæmda haustið 2013. (T)	Foreldrakönnun Nemendakönnun		Deildarstjóri sérkennslu

	Efla lesskilning og ritunarfærni nemenda í skólanum.	<p>PALS verkefnið unnið áfram upp í unglingadeild (8.bekk). (T)</p> <p>Unnið með PALS í sem flestum árgöngum skólans á yngsta og miðstigi. (T)</p> <p>Ritunarpáttur PALS tekinn fyrir 2012. Leið til læsis verði tekið inn í skólastarfið.</p>			
	Samstarf milli allra skólastiga í bænum	<p>Bilið milli grunnskóla og leikskóla verði brúað með því að hittast og bera saman bækur.</p> <p>Samvinna milli leikskóladeildar og 1. bekkjar.</p> <p>Kennarar elsta stigs og FMOS hittist nokkrum sinnum á skólaárinu og vinni sameiginlega að undirbúningi nemenda fyrir framhaldsskólaárin. (T)</p>		<p>Samstarf milli leikskóla og 1. bekkjar þrjár kennslustundir á viku.</p> <p>Samráðsfundir milli grunn- og framhaldsskóla tvisvar á ári</p>	Deildarstjóri yngsta og elsta stigs
Uppbygging, nýsköpun og þróun í sátt við umhverfi og íbúa.	Að nemendum skólans sé gefið aukið tækifæri með nýsköpun og þróunarstarfi.	<p>Ákveðnir árgangar taka þátt í nýsköpunarverkefnum. (T)</p> <p>Samvinnuverkefni: Nám er leikur og leikur er nám verði endurskoðað í leikskóladeild og 1.bekk. (T)</p> <p>Þróunarverkefnið vinabandið styrkist í sessi og auðveldi 1. bekingum skólabyrjunina. (T)</p> <p>Önnur þróunarverkefni sem unnið er að þetta árið verði innleidd smátt og smátt inn í starfið og lífi áfram (skákkennsla, stuðningur við foreldra</p>			

		um heimanám barna með ADHD). (T)			
Sjónarmið íbúa og fyrirtækja eru virt með virku samráði og hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.	Að Lágafellsskóli efli samstarfið við grenndarsamfélagið.	Unnið er með ábendingar frá íbúum. (T) Í skólaráði sitji einn fulltrúi grenndarsamfélagsins til viðbótar tveim úr foreldrahópnum og komi með víðara sjónarhorn. (T) Samstarf er við félagsmiðstöð, félagsþjónustu, lögreglu, Ítóm, skólayfirvöld og aðra sem koma að skólasterfinu. Fundað nokkrum sinnum á ári(T) Nemendum með sértæka námsörðugleika er gefinn kostur á að fara í starfsnám í fyrirtækjum í Mosfellsbæ. (T)			Námsráðgjafi
Útivistabær sem býður upp á fjölbreytt og kraftmikið tómsunda- og íþróttastarf í fallegu umhverfi.	Að Lágafellsskóli stuðli að aukinni þátttöku nemenda í íþróttum og tómsundastarfi.	Frístundasel er í samvinnu við ÍTÓM með íþróttir og tómsundir þannig að skóladagur og tómsundir myndi heildstæðan vinnudag hjá yngstu nemendum skólans. (F) Nemendur fá tve eða fleiri útivistardaga á árinu þar sem íþróttir og umhverfi eru höfð að leiðarljósi. (T)	Foreldrakönnun	Að 90% foreldra yngri nemenda upplifi að skóladagurinn sé heilstæður Útivistardagar haldnir í skólanum	Apríl GH Stjórnendur, kennarar.

<u>Mannauður</u> Markmið	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2012</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> (hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/</u> <u>ábyrgðaraðili</u>
Mosfellsbær er eftirsóttur vinnustaður sem ræktar þekkingu og færni starfsmanna.	Lágafellsskóli er eftirsóttur vinnustaður sem ræktar þekkingu og færni starfsmanna ásamt því að skólabragurinn einkennist af samvinnu, samveru og samkennd.	<p>Að gott orð fari af skólanum svo eftirsóknarvert verði að sækja um stöðu við skólann. (T)</p> <p>Að stöðugleiki sé í starfsmannahaldi. (T)</p> <p>Halda áfram að vinna með og kynna mannauðsstefnu bæjarins. (T)</p> <p>Að starfsmenn séu stoltir af vinnustað sínum og ánægðir í starfi. (S)</p> <p>Allir starfsmenn fái endurmenntun á árinu og starfsfólk hvatt til að sækja sér námskeið. (T)</p> <p>Að árlega fari allir starfsmenn skólans í starfsmannasamtal. (T og S)</p>	<p>Svörun við auglýsingum.</p> <p>Starfsmannakönnun</p> <p>Starfsmannasamtal.</p>	<p>Fleiri en 4 umsóknir um kennarastöðu og fleiri en 2 um aðrar stöður.</p> <p>Að 80% starfsmanna séu mjög ánægðir eða ánægðir í starfi</p> <p>95% séu stoltir af vinnustaðnum.</p> <p>Að 95% starfsmanna fari í starfsmannasamtal.</p>	<p>JM/ÁSJ/ Allir starfsmenn</p> <p>Apríl GH</p> <p>Mars-maí stjórnendur</p>
Starfsumhverfi Mosfellsbæjar leggur grunn að samkeppnishæfni bæjarfélagsins á vinnumarkaði.	Starfsumhverfi Lágafellsskóla leggur grunn að samkeppnishæfni bæjarfélagsins á vinnumarkaði	<p>Umsóknir um störf í skólanum verði nokkrar um hverja stöðu sem auglýst er. (T)</p> <p>Að vel menntað og hæft starfsfólk vinni við skólann. (T)</p> <p>Starf skólans kynnt á heimasíðu, í fréttablaði skólans með fréttum í Mosfellingi og öðrum fréttamiðlum.(T)</p>	Svörun við auglýsingum.	Að fleiri en 4 sæki um kennarastöðu og fleiri en 2 um aðrar stöður.	JM/ÁSJ
Virðing og samheldni eru	Stuðla að umhverfi þar sem ríkir virðing,	Starfsmannafélag komi með tillögur og hugmyndir sem geri gott starf enn	Starfsmannakönnun	80% starfsmanna telji andann góðan	Starfsmannafélag

sköpuð í jákvæðu starfsumhverfi.	samheldni og jákvæðni	betra. (S) Vinna að því að starfsmenn séu ánægðir með starfsandann sem allir leggja sig fram um að skapa. (T)		eða mjög góðan.	
Starfsmannastefna er sveigjanleg og fjölskylduvæn.	Starfsmenn Lágafellsskóla upplifi sveigjanleika í starfi.	Innleiða starfsmannastefnu bæjarins með kynningum og unnið með umbótaáætlun á árinu. (S) Sveigjanlegur vinnutími og möguleikar á hlutastörfum. (S)	Starfsmannakönnun	Að 80% starfsmann upplifi sveigjanleika í starfi.	Apríl GH
Örvandi starfsumhverfi þar sem metnaður hvers og eins fær notið sín.	Að mannauður skólans fái sem best notið hæfileika sinna.	Frumkvæði kennara og starfsmanna sé eft og fundir nýttir í að fá þeirra hugmyndir fram. (S og T) Skipulag skólastarfsins sé þannig að starfsmenn geti nýtt sér þekkingu og sterkar hliðar í starfi sínu. (S og T) Starfsmenn fái tækifæri að vinna að metnaðarfullum verkefnum og komi með tillögur. (S og T) Allir starfsmenn taka þátt í að skapa gott starfsumhverfi þar sem ánægja ríkir. (S og T)	Starfsmannakönnun	Að 80% starfsmanna séu sammála eða mjög sammála því að þeir geti nýtt sínar sterku hliðar í starfi sínu. Að 80% starfsmanna séu sammála eða mjög sammála því að þeir njóti sín í starfi.	

<u>Innri virkni og stjórnkerfi</u> Markmið	<u>Undirmarkmið</u>	<u>Helstu verkefni og leiðir á árinu 2012</u> Hér á að skrá leiðir og verkefni	<u>Mat</u> hvað og hvernig)	<u>Mælikvarðar</u>	<u>Tímasetningar/ ábyrgðaraðili</u>
Stjórnsýsla Mosfellsbæjar er í fremstu röð þar sem skilvirk, ábyrg og vönduð vinnubrögð eru viðhöfð	Skilvirkni og ábyrgð sé viðhöfð í stjórnun Lágafellsskóla.	Stefna skólans sé sýnileg á heimasíðu skólans. (T) Þekking starfsmanna á almennri stjórnsýslu aukin	Heimasíða skólans Kynningar og fundir		Skólastjóri Mannauðstjóri Mosfellsbæjar
Persónuleg og nútímaleg þjónusta sem byggir á fagmennsku	Að samtvinna upplýsingatækni og mannleg samskipti í þjónustu Lágafellsskóla.	Auka fagmennsku með námskeiðum og samvinnu þar sem starfsmenn læra hver af öðrum. (S) Með notkun tölvupósts verði aðgangur foreldra/nemenda að starfsmönnum skólans hraðvirkari. Stefnt er að því að erindum verði svarað innan tveggja daga (T) Persónuleg þjónusta í skólanum með góðu aðgengi að starfsfólki. (F og N)	Fundir, kynningar Foreldrakönnun	Að 70% foreldra séu sammála því að aðgangur að starfsmönnum skólans í gegnum tölvupóst sé hraðvirkur.	Allir starfsmenn
Lýðræðisleg og sanngjörn málsmeðferð.	Unnið á sanngjarnan hátt úr málum sem upp koma í skólanum.	Hlustað á hugmyndir allra og virðing borin fyrir skoðunum þeirra. (S, F og N)	Starfsmannakönnun Foreldrakönnun Nemendakönnun	Að 80% starfsmanna, foreldra og nemenda séu sammála um að hlustað sé á hugmyndir allra og virðing sé borin fyrir skoðunum þeirra.	Skólastjórnendur

Mosfellsbær er leiðandi í rafrænni stjórnarsýslu, með stuttan afgangi að þjónustu.	Hafa þjónustuna aðgengilega, auðvelt að ná í stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn.	Vinna að því að mál taki ekki meira en tvær vikur í afgreiðslu. (T) Starfsmenn Lágafellsskóla nýti sér tölvupóst í samskiptum sínum. (T) Íbúagáttin nýtist bæjarbúum til að auka þjónustu. (F)	Starfsmannakönnun Foreldrakönnun	Að allir starfsmenn opni tölvupóstinn sinn daglega. Að 90% foreldra nýti sér þjónustu íbúagáttarinnar.	Apríl GH
Vinnubrögð í anda Staðardagskrár 21	Efla umhverfisvitund nemenda og starfsmanna.	Sækja um í Yrkjusjóð til að gróðursetja plöntur.	Styrkumsókn	Umsókn samþykkt	Feb./mars SG.

REKSTUR OG LYKILTÖLUR

Rekstur:	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Tekjur	- 48.152.266	-49.414.143	- 53.467.797	-61.080.236	
Laun og launatengd gjöld	420.006.593	465.632.631	454.826.523	470.209.270	
Annar rekstrarkostnaður	190.324.065	193.041.025	231.027.716	231.550.384	
Kostnaður v/ ýmissa verkefna ársins 2010		1.000.000			
Samtals	562.178.392	610.259.513	632.386.442	640.679.418	
Lykiltölur:		Rauntölur að hausti	Rauntölur að hausti	Rauntölur að hausti	
Fjöldi starfsmanna	114	134	135	111	115
Stöðugildi					
Stöðugildi til stjórnunar og kennslu	62,6	64,22	64,6	62,75	64,65
Stöðugildi skólaliða og mótuneytis	6,68 - 2	7,71 - 2,81	7,15 - 3,19	11	12,04
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	8,63	7,78	9,22	8,89	8,89
Frístund og leikskóladeild			6,49 - 4,2	12,13	12,63
Stjórnendur	5	5	5,5	5,0	5,5
Aðrir	5,03	6,31	2,85	2,35	3,10
Aðsókn, magn, hlutföll o.fl.					

- nemendafjöldi	704	710	732	723	717
- Þar af leikskóli	35	29	28	45	45
- fj nemenda í frístund	150	175	180	140	150
- bekkjardeildir	34	36	34	32	33